

Fundur 9.5.2022 Bótan frá Úkraínu.

Komið þið sæl,

*Já vertu velkominn og góða kvöldið.*

Furðulegt er þetta allt og stöðug undrunarefnin, þegar maður tekur þátt í að verja land sitt, er næsta hugsun ekki alltaf þess efnis hvort eitthvað taki við eftir dauðann eða hvort eitthvað sé hæft í trúarkenningum þeim sem maður hefur heyrt.

En verður maður þá að hugsa um líðandi stund og hlýða fyrirskipunum og vona allt hið besta hvað varðar fjölskyldu manns og ættingja og aðra sem nákomnir manni eru.

Og hefur það verið undarlegt í þessum heimi að ég hef aðra stundina í andanum stokkið hæð mína yfir því að vera aftur lifandi og heilsuhraustur hér í nýjum líkama en hina stundina hefur helst yfir mig örvænting yfir því að einnig skuli vera átök og stríðsástand í þessum heimi en ber ég vonir til þess að það muni sigrast.

Er ég hluti af samtökum þjóða á þessum hnetti þar sem öflugri herdeildarmáttur er, heldur en þar sem ég var og vil ég margt af þessu segja ef mér gefst tækifæri til en það er erfitt.

Er mikill fögnuður minn að vera lifandi yfirleitt og er samt djúpur söknuður og tregi yfir öllum þeim sem ég skildi eftir í heimalandinu, unnusta og tvö börn af fyrra hjónabandi og allir ættingjar mínir og veit ekki hvernig þeim reiðir af og hef ég þungar áhyggjur af þeim.

Og naga ég mig í handarbökin yfir því að hafa lent í þessu að geta ekki haldið áfram þeirri, höfðum við unnið marga sigra á Rússum og var ég ekki sáttur að fara, en er þetta nú allt að koma, er ég farinn að sjá hér meiri heildarmynd og gleður það mig mikið.

Eru hér saman komnir fjölmargir skoðana bræður mínir og finnst mér hér hafa ræst hugsjón mín sem ég aðhylltist áður en ég tók þátt í opinberum herdeildum lands míns, en sakna ég þess að vera ekki umkringdur fjölskyldunni en eru hér bæði fleiri konur og stúlkur sem aðhyllast þessa hugmyndafræði og finnst mér trúarandinn koma í staðinn fyrir fjölskyldutengsl.

Var mér sagt að samband af þessu tæi væri við Ísland og er mér ekki ókunnugt um Ísland þar sem bróðir vinar míns er á Íslandi, Pólverji, er ég Úkraínskur.

*Já vertu velkominn.*

Þakka ykkur fyrir.

*Það hafa mikil tengsl verið milli landa okkar.*

Já, já, við vitum af ykkur, víkingaþjóðinni í norðri og vitum að þið eruð gott fólk og hefði gjarnan viljað heimsækja landið, hefði mér endst aldur til þess.

Hef ég tekið þátt í nokkrum svona fundum en flestir tala um anda en hjá ykkur er það ekki nauðsynlegt og finnst mér það gott.

Var mér sagt að margir að þeim sem deyja í hernaði fari á myrkurslóðir en hér eru mörk dags og nætur eins og á jörðinni og uppbygging.

Veit ég ekki hvort ég geti komið oft á ykkar fund en langar mig til þess að leita leiða til þess að fá sambönd við fleiri svona stjórnur og fréttu hvernig þjóðinni reiðir af á gömlu jörðinni ykkar.

Ekki skil ég nú alveg hvernig ég komst hér yfir en það eru einhver lögmál sem mér skýlsta að Íslendingur hafi uppgötvað og finnst mér það merkilegt.

Vaknaði ég hér á víðavangi og er mikill nátturlegur lækur og mýrar og mikil vatnasvæði þar sem fólk læknastr.

Átti ég mjög erfitt með að trúa þessu fyrst en var það stórkostlegt að átta sig á þessu að ég væri kominn aftur og laus við ýmis sár sem ég hafði hlotið, meiðsli.

Ætla ég að kveðja ykkur í þeirri fullvissu að land mitt muni sigra Rússa og fá fullt frelsi og sjálfstæði aftur og verða þjóð meðal þjóða.

Nafn mitt er Bótan.

*Bótan, já takk fyrir.*

Verið þið sæl,

*Gangi þér vel.*

Þakka ykkur kærlega fyrir, verð víst að kveðja verið þið sæl.